



Heimgreiðslur

Bláskógabyggð greiðir mánaðarlega í tíu og hálfan mánuð á ári heimgreiðslur til foreldra og forráðamanna barna sem ekki eru í leikskóla. Heimgreiðslur eru vegna barns frá 12 mánaða aldri og þar til barn verður 24 mánaða. Unnt er að sækja um heimgreiðslur hvort heldur sem ekki er pláss á leikskóla eða vegna þess að foreldrar velja að hafa börnin heima. Greiðslur falla niður ef barn hefur nám í leikskóla fyrir 24 mánaða aldur. Ekki er greitt fyrir júlí og hálfan ágúst mánuð. Mánaðarleg greiðsla árið 2026 er 180.000 kr. Greiðsla fyrir hluta mánaðar reiknast hlutfallslega af þessari fjárhæð.

Skilyrði fyrir greiðslu eru eftirfarandi:

- Að foreldri / forráðamaður og barn eigi lögheimili í Bláskógabyggð og hafi þar fasta búsetu. Sé lögheimili flutt frá Bláskógabyggð falla heimgreiðslur niður frá og með sama degi.
- Barn sé orðið eða verði 12 mánaða í þeim mánuði sem sótt er um. Greitt er frá þeim degi sem barn nær 12 mánaða aldri og lýkur greiðslum daginn sem barn nær 24 mánaða aldri eða hefur leikskólagöngu.
- Að foreldrar/forráðamenn séu ekki að þiggja aðrar niðurgreiðslur vegna daggæslu barnsins frá Bláskógabyggð.

Sækja skal um heimgreiðslur með tölvupósti á netfangið blaskogabyggd@blaskogabyggd.is. Greitt er síðasta virkan dag hvers mánaðar og greiðist eftir á fyrir líðandi mánuð. Heimgreiðslur eru ekki afturvirkar.

Sækja þarf um heimgreiðslur árlega

- Sækja þarf um einu sinni á ári vegna hvers barns sem á rétt á heimgreiðslum.
- Umsókn þarf að berast fyrir 19. dag þess mánaðar sem óskað er eftir að heimgreiðslur hefjist.
- Umsókn er virk til 30. júní ár hvert svo lengi sem barn á rétt á heimgreiðslum.
- Endurnýja þarf umsókn árlega fyrir 19. ágúst.
- Ekki er greitt fyrir júlí mánuð og hálfan ágúst mánuð.

Verði um ofgreiðslu að ræða á heimgreiðslum áskilur Bláskógabyggð sér rétt til endurkröfu. Sé ofgreiðsla á grundvelli þess að umsækjandi hafið gefið upp rangar upplýsingar eða hann hafi ekki tilkynnt um breytingar á högum sínum sem hafa áhrif á rétt til heimgreiðslu er heimilt að leggja dráttarvexti á upphæð endurkröfunnar.

Upphaflega samþykkt af sveitarstjórn Bláskógabyggðar 27.11.2024 og breytt 10. desember 2025.